ÖRYGGISBLAÐ (SDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 888/2015 (REACH)

1: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: Grænni Tjöruhreinsir

Vörunúmer:
UFI kóði: 01JC-JGU2-QD09-MUE6

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Viðeigandi tilgreind notkun:	Þetta hreinsiefni er ætlað til notkunar á yfirborð bíla og annarra ökutækja (lakk, felgur og gler) jafnt af fagaðilum og almenningi.
Óráðleg notkun:	Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

Fyrirtæki:
Gefn ehf.
Víkurhvarf 8
203 Kópavogur
Sími: 537 5307
Netfang: sales@gefn.is

1.4 Neyðarsímanúmar

Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöðin: 543 2222
Opið allan sólarhringinn alla daga

2: Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP)

Flokkur	H-nr.	H-setn.
3.3 — Alvarlegur augnskaði/augnerting, Undirflokkur 1	H318	Veldur alvarlegum augnskaða.

Heildartexti fyrir flokkanir sem ekki eru gefnar upp í heild sinni er í 16. lið.

2.2 Merkingaratriði

Hnattsamræmt flokkunarkerfi (GHS)
Hættumerki:



Viðvörunarorð:
Hætta

Hættusetningar:

H318	Veldur alvarlegum augnskaða.

Varnarsetningar (almennar varnarsetningar)

P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.

Varnaðarsetningar (forvörn):

P262	Má ekki koma í augu eða á húð eða föt.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.

Varnaðarsetningar (viðbrögð):

P305 + P351 + P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið

Varnaðarsetningar (förgun):

P501	Fargið innihaldi/íláti hjá spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP)

Engar sérstakar hættur þekktar, ef reglum/athugasemdum varðandi geymslu og meðhöndlun er fylgt.
Varan inniheldur engin PBT eða vPvB efni.

3: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni

Á ekki við.

3.2 Blöndur

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	H-setn.	Styrkur
Iso-C13, greinótt, etoxýlerað	69011-36-5	-	H318, H412	≥5%-<15%
Iso-C13 alkahól EO 10	69011-36-5	-	H302, H318	≥5%-<15%
Natríum-2-ethýlhexýlsúlfat	125-92-1	204-812-8	H315, H318	<5%
2-(2-Bútoxýetoxý)etanól	112-34-5	203-961-6	H315, H319	<5%

Heildartexti fyrir hættu- og varnaðarsetningar er í 16. lið.
Flokkun blöndunar má sjá í 2. lið og takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4: Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp

Farið úr fötum sem mengast af efninu.

Eftir innöndun:	Sé viðkomandi órólegur skal róa hann/hana, færa í ferskt loft og leita læknishjálpar ef óþægindi eru viðvarandi.
Snertingu við húð:	Þvoið svæði vel með sápu og miklu vatni. Séu óþægindi viðvarandi skal leita læknis. Berist efnið í fatnað skal færa viðkomandi úr smituðum fatnaði. Þrífið smitaðan fatnað fyrir næstu notkun.
Snertingu við augu:	Haldið augum opnum og skolið í minnst 15 mínútur með rennandi vatni. Hafið strax samband við lækni/augnlækni. Ef á við fjarlægið augnlinsur fyrir skolun.
Við inntöku:	Berist efni í munn í litlu magni/sem úði skal spýta því út, skola munn þegar í stað með miklu vatni og síðan drekka 200-300 mL af vatni. Sé efnið innbyrt skal skola munn þegar í stað og drekka síðan 200-300 mL af vatni. Leitið umsvifalaust til Eitrunarmiðstöðvar og/eða læknis.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Berist efnið í augu getur það valdið varanlegum augnskaða.
Berist efnið á húð getur það valdið þurrki og annarri ertingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Meðhöndlið með tilliti til upplýsinga í öryggisblaði - ekkert sérstakt móteitur er þekkt.

5: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, froða, slökkviduft og vatnsúði.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinið ekki vatnsbunu beint í eld.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnis eða blöndu

Efnið brennur ekki en við mikinn hita gætu myndast eitruð gös t.d CO og CO_2.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlífðargalli og reykköfunarbúnaður.

Frekari upplýsingar:
Menguðu slökkvivatni verður að farga í samræmi við opinberar reglugerðir.

6: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Nota skal hlífðarfatnað og annan hlífðarbúnað. Upplýsingar um persónuhlifar má sjá í hluta 8.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Forðist óþarfa losun í niðurföll. Losið ekki í yfirborðsvatn eða grunnvatn.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Mikið magn:
Einangrið efnið og notið hentugan búnað til söfnunar og fargið.

Fyrir lítið magn eða leifar:
Upptaka með hentugu íssogsefni (t.d. sagi) og fargið.
Fargið ísogsefni samkvæmt reglugerðum.

6.4 Tilvísun í aðra liði

Upplýsingar varðandi váhrifavarnir/persónuhlífar og förgun er að finna í liðum 8 og 13.

7: Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Neytið hvorki matar né drykkjar á svæði þar sem varan er í notkun. Þvoið hendur eftir notkun. Sé fatnaður eða annar hlífðarbúnaður mengaður við notkun skal fjarlægja hann áður en farið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

Geymið lokað, í upprunalegum umbúðum, við stofuhita ef hægt er en annars við 10-30°C. Við geymslu í lengri tíma og við hitastig nærri þolmörkum getur varan orðið mött og eiginleikar hennar breyst. Hitið/kælið að u.þ.b. 20°C og hristið til að fá tæra blöndu á ný, en haldist hún mött er breytingin óafturkræf.

Geymsla í beinu sólarljósi getur minnkað geymsluþol.

7.3 Sértæk, endanleg notkun

Fylgið leiðbeiningum í 7. og 8. lið til að tryggja eigið öryggi. Viðeigandi notkun er eins og lýst er í 1. lið.

8: Váhrifavarnir/persónuhlífar

8.1 Eftirlitsbreytur

Engin þekkt viðmiðunarmörk fyrir váhrif eru þekkt fyrir blönduna.
Innihaldsefni sem talin eru upp í reglugerð nr. 154/1999 eru eftirfarandi:

		Fyrir 8 tíma		Þakgildi			
Efni	**CAS nr.**	**ppm**	**mg/m3**	**ppm**	**mg/m3**	**Ath.**	**Nr.**
2-(2-Bútoxýetoxý)etanól	112-34-5	10	67,5	15	101,2		

8.2 Váhrifavarnir

Persónuhlífar

Öndunarhlífar:
Öndunarvörn ef losnar um gufu/úða. Agnasía með miðlungs skilvirkni fyrir fastar agnir og vökvaagnir (t.d. EN 143 eða 149, gerð P2 eða FFP2).
Hlífðarbúnaður fyrir hendur:

Hlífðarhanskar með efnaviðnámi ráðlagt: Verndarstuðull 6, samsvarandi > 480 mínútum af gegndræpistíma samkvæmt EN 374, t.d. nítrílgúmmí (NBR) - 0,4 mm þykkt húðar.

Augnhlífar:

Nota skal andlitshlíf eða þétt hlífðargleraugu (með hliðarvörn).

Hlífðarbúnaður fyrir líkama:

Mælt er með notkun efnaþolins hlífðarfatnaðar (heilgalla) og stígvéla eða annars vatnþétts skóbúnaðar.

9: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

Form:	Vökvi
Litur:	Ljós gulur
Lykt:	Lítil efnalykt
Lyktarmörk:	Ekki ákvarðað
pH-gildi:	10,3
Frostmark:	0°C
Suðumark:	Ekki ákvarðað
Blossamark:	Á ekki við
Uppgufunarhraði:	Ekki ákvarðað
Eldfimi:	Ekki eldfim
Neðri sprengimörk:	Ekki ákvarðað
Efri sprengimörk:	Ekki ákvarðað
Kveikihiti:	Ekki ákvarðað
Gufuþrýstingur:	Ekki ákvarðað
Eðlismassi gufu:	Ekki ákvarðað
Eðlismassi:	1,0 g/mL
Vatnsleysni:	Leysanlegt
Leysni:	Leysanlegt í vatni og etanóli
Deilistuðull fyrir n-oktanól og vatn:	Ekki ákvarðað
Sjálfíkveikjuhitastig:	Ekki ákvarðað
Niðurbrotshitastig:	Ekki ákvarðað
Seigja:	93,5 cSt
Sprengifimi:	Á ekki við
Oxunareiginleikar	Á ekki við

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar

10: Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni

Engin hættuleg efnahvörf eru þekkt við rétta meðhöndlun og geymslu.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki

Varan er stöðug við rétta meðhöndlun og geymslu.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi

Engin hættuleg efnahvörf eru þekkt við rétta meðhöndlun og geymslu.

Við mikinn hita geta myndast eitraðar gastegundir eins og CO og CO_2.

10.4 Skilyrði sem ber að varast

Forðist að efnið berist í augu eða á húð.
Sjá 7. lið fyrir meðhöndlun og geymslu.

10.5 Ósamrýmanleg efni

Sterkir basar og/eða sýrur, oxandi efni, hvarfgjörn efni og halógenar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni

Engin hættuleg niðurbrotsefni eru þekkt við rétta meðhöndlun og geymslu.

11: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif: Uppfyllir ekki flokkunarviðmiðun samkvæmt fyrirliggjandi gögnum
Húðerting/æting: Uppfyllir ekki flokkunarviðmiðun samkvæmt fyrirliggjandi gögnum
Alverlegur augnskaði: Getur valdið alvarlegum augnskaða samkvæmt fyrirliggjandi gögnum
Næming öndunarfæra eða húðnæming: Uppfyllir ekki flokkunarviðmiðun samkvæmt fyrirliggjandi gögnum
Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur: Uppfyllir ekki flokkunarviðmiðun samkvæmt fyrirliggjandi gögnum
Krabbameinsvaldandi áhrif: Uppfyllir ekki flokkunarviðmiðun samkvæmt fyrirliggjandi gögnum
Eiturhrif á æxlun: Uppfyllir ekki flokkunarviðmiðun samkvæmt fyrirliggjandi gögnum
Sértæk eiturhrif á marklíffæri - váhrif í eitt skipti: Uppfyllir ekki flokkunarviðmiðun samkvæmt fyrirliggjandi gögnum
Sértæk eiturhrif á marklíffæri - endurtekin váhrif: Uppfyllir ekki flokkunarviðmiðun samkvæmt fyrirliggjandi gögnum
Ásvelgingarhætta: Uppfyllir ekki flokkunarviðmiðun samkvæmt fyrirliggjandi gögnum

Iso-C13 alkahól EO 10				
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrategund/Aðferð**
Bráð eituráhrif, inntaka	LD50	> 300-2000	mg/kg	Rotta
Bráð eituráhrif, gegnum húð	LD50	>2000	mg/kg	Rotta (OECD G. 402)
Alvarlegur augnskaði/erting		varanlegur skaði		svipað OECD 405

Iso-C13, greinótt, etoxýlerað				
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrategund/Aðferð**
Bráð eituráhrif, inntaka	LD50	> 5000	mg/kg	Rotta
Bráð eituráhrif, gegnum húð	LD50	>2000	mg/kg	Rotta (OECD G. 402)

Natríum 2-etýl hexýl súlfat				
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrategund/Aðferð**
Bráð eituráhrif, inntaka	LD50	> 5000	mg/kg	Rotta (reiknað)
Bráð eituráhrif, gegnum húð	LD50	>5000	mg/kg	Rotta (reiknað)

2-(2-Bútoxýetoxý)etanól

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrategund/Aðferð
Bráð eituráhrif, inntaka	LD50	2410	mg/kg	Mús (OECD 401)
Bráð eituráhrif, gegnum húð	LD50	2764	mg/kg	Kanína (OECD 402)

12: Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif

Upplýsingar fyrir blönduna liggja ekki fyrir.

12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Auðlífbrjótanlegt (samkvæmt viðmiðunarreglum OECD).

12.3 Uppsöfnun í lífverum

Upplýsingar fyrir blönduna liggja ekki fyrir.

12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

Upplýsingar fyrir blönduna liggja ekki fyrir.

12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum

Á ekki við samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

12.6 Önnur skaðleg áhrif

Inniheldur ekki efni sem skráð eru í reglugerð (EB) nr. 1005/2009 um efni sem eyða ósonlaginu.

13: Förgun

Við förgun skal fylgja reglugerðum, m.a. nr. 184/2000 og 737/2003 með síðari breytingum, auk tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/98/EB með síðari breytingum.

Úrgangsflokkur (EWC): 20 01 30

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Vara: Fargið efninu samkvæmt lögum og reglugerðum. Merkið úrgangsefni vel og komið í spilliefnamóttöku.
Losið ekki efnið í niðurföll.

Óhreinar umbúðir: Umbúðir sem enn innihalda leifar af efninu skal meðhöndla eins og efnið sjálft.
Hreinar umbúðir má endurvinna.

14: Upplýsingar um flutninga

Flutningar á landi

ADR (farmur á vegi)

UN-númer:	Á ekki við
UN-sendingarheiti:	Á ekki við
Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga:	Á ekki við

Pökkunarflokkur:	Á ekki við
Umhverfishættur:	Á ekki við
Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda:	Ekki þekkt

RID (farmur með járnbrautum)

UN-númer:	Á ekki við
Rétt UN-sendingarheiti:	Á ekki við
Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga:	Á ekki við
Pökkunarflokkur:	Á ekki við
Umhverfishættur:	Á ekki við
Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda:	Ekki þekkt

Flutningar á skipgengum vatnaleiðum
ADN

UN-númer:	Á ekki við
Rétt UN-sendingarheiti:	Á ekki við
Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga:	Á ekki við
Pökkunarflokkur:	Á ekki við
Umhverfishættur:	Á ekki við
Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda:	Ekki þekkt

Sjóflutningar
IMDG

UN-númer:	Á ekki við
Rétt UN-sendingarheiti:	Á ekki við
Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga:	Á ekki við
Pökkunarflokkur:	Á ekki við
Umhverfishættur:	Á ekki við
Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda:	Ekki þekkt

Flutningar í lofti
IATA/ICAO

UN-númer:	Á ekki við
Rétt UN-sendingarheiti:	Á ekki við
Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga:	Á ekki við
Pökkunarflokkur:	Á ekki við
Umhverfishættur:	Á ekki við
Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda:	Ekki þekkt

15: Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

Varan fellur undir reglugerðir nr. 888/2015 (REACH) og 415/2014 (CLP) með síðari breytingum, sem byggja á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 (REACH) og 1272/2008 (CLP) með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram

16: Aðrar upplýsingar

Eftirfarandi er heildartexti fyrir hættuflokkanir og -setningar sem vikið er til í þessu öryggisblaði:

Flokkar	Hættusetningar	H-númer
Bráð eit. 4	Hættulegt við inntöku.	H302
Húðert. 2	Veldur húðertingu.	H315
Augnskað. 1	Veldur alvarlegum augnskaða.	H318
Augnert. 2	Veldur alvarlegri augnertingu.	H319
Langv. eit. á vatn 3	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhri	H412

Skammstafanir:
ADR = Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum
RID = Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum
AND = Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum
IMDG = Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning
ICAO = Tæknileg fyrirmælium öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis
EB = Evrópuþingið og ráðið
CLP = Reglugerð um flokkun merkinga, umbúðamerkingar og pökkun
CAS = Chemical Abstracts Service

Útgáfudagur: 04.04.2023
Útgáfa: 3
Kemur í stað: Útgáfu 2
Höfundur: Daníel Arnar Tómasson
Endurskoðað: -

Þessu öryggisblaði er ætlað að koma fram öryggis-, heislu- og umhverfisupplýsingum er koma að notkun og meðhöndlun vörunnar.

Allar upplýsingar sem koma fram að ofan eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Upplýsingarnar eru að hluta til byggðar á gögnum frá hráefnaframleiðandanum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þær séu í alla staði réttar.

Þar sem framleiðandi getur ekki haft vitnesku um eða stjórnað aðstæðum og aðferð við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún er seld tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem tengjast á nokkurn hátt notkun, geymslu eða annari meðhöndlun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru eingöngu samdar fyrir vöruna í því formi sem hún er seld. Því er mögulegt að þessar leiðbeiningar eigi ekki við sé varan blönduð öðrum efnum eða notuð sem hluti af annarri vöru.